

SFV

SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

FIMMTUDAGUR 3. OKTÓBER



Samskipti við stjórnvöld og eftirfylgni æ stærri þáttur



Eybjörg H. Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SFV

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) eru samtök fyrirtækja, félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem eru ekki ríkisstofnanir og starfa á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu samkvæmt þjónustusamningi eða öðrum tengdum greiðslum frá ríkinu.

„Samtökin voru stofnuð árið 2002 og eru aðildarfélagin nú orðin 47 og má þar nefna Hrafnistuheimilin, Grund hjúkrunarheimili, Eir hjúkrunarheimili, Krabbameinsfélagið, SÁÁ, MS setrið og Sjálfsbjargarheimilið, svo nokkrir séu nefndir. Aðildarfélag samtakanna mynda samanlagt fjölmennasta vinnustað sjúkraliða á landinu og næst fjölmennasta vinnustað hjúkrunarfræðinga á eftir Landspítalanum,“ segir Eybjörg H. Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SFV.

Og tölfræðin er heldur betur athyglisverð, því um 32% allra sjúkraliða landsins starfa hjá aðildarfélagum SFV og um 10% hjúkrunarfræðinga.

En hver er tilgangur samtakanna?

„Tilgangurinn er að efla samstarf aðildarfélag samtakanna, standa vörð um hagsmuni þeirra og vinna að bættum starfsskilyrðum. Í því felst meðal annars að stuðla að árangursríku samstarfi við heilbrigðisyfirvöld, sveitarfélög, félagasamtök og aðra þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta,“ segir Eybjörg

og bendir á að einn þáttur umfram annan sé að verða æ stærri. „Það er það orðinn mjög fyrirferðarmikill hluti af starfi samtakanna að koma fram gagnvart stjórnvöldum og fylgja eftir málum er varða hagsmuni aðildarfélaganna. Það er afar mikilvægt atriði sem samtökin geta sinnt vel og þar nýtist slagkraftur slíkra fjöldasamtaka vel. Samtökin gangast líka fyrir upplýsinga- og fræðslustarfssemi bæði gagnvart almenningi og starfsfólki aðildarféлага samtakanna.“

Innan SFV starfar jafnframt nefnd sem annast gerð kjarasamninga við stéttarfélag fyrir þau aðildarfélag sem þess óska, en um 25 aðildarfélaganna nýta sér þá þjónustu.

„Sú nefnd og það starf sem þar er unnið var í raun grunnurinn að stofnun SFV á sínum tíma. Innan SFV starfa nokkrir vinnuhópar, sem stuðla að nánari samstarfi á tilteknum sviðum. Þannig eru vinnuhópar á sviði persónuverndar, mannaudsmála, velferðartækni og innkaupamála. Þá er starfandi fagråd hjúkrunarstjórnenda innan SFV sem ræðir gæðamál og ýmis fagleg mál sem upp koma, sem og samninganefndir sem koma að gerð þjónustusamninga við ríkið og gerð kjarasamninga.“

Þá tilnefna samtökin einstaklinga í ýmsa vinnuhópa og nefndir sem stjórnvöld stofna í tengslum við málefni aðildarféлага SFV,“ segir Eybjörg.

Pétur Magnússon, stjórnarformaður SFV og forstjóri Hrafnistuheimilanna

Jákvæðni, drifkraftur og eldmóður til að halda áfram

Víð Íslendingar flokkum okkur venjulega sem land með mikil lífsgæði. Við teljum gæði heilbrigðis- og velferðamála eina að grunnstöðum velferðarsamfélags okkar en saman eru þessi málaflokkar ásamt almannatryggingakerfinu að fá til sín um helming af fjárlátum ríkisins hvert ár. Vegna athyglinnar sem heilbrigðis- og velferðarmál fá í samfélaginu hættir ráðamönnum stundum til að gefa yfirlýsingar um háleit markmið í málaflokknum og byggja upp væntingar um þjónustu sem þeir sem til þekkja vita að oft á tíðum er ómögulegt að standa við,“ segir Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistuheimilanna og stjórnarformaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Hann bendir á að þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnvalda um auknið fjármagn í heilbrigðiskerfið hafi orðið niðurskurður á greiðslum til flestra aðildarfélaga SFV árin 2018 og 2019. Fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp feli svo í sér enn frekari niðurskurð á greiðslum ríkisins til

þessara aðila á árinu 2020 og 2021.

„Þetta er að gerast þrátt fyrir að í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segi: „Einnig verður hugað að því að styrkja rekstrargrundvöll hjúkrunarheimila en áhersla verður einnig lögð á aðra þjónustubætti, svo sem heimahjúkrun, dagþjálfun og endurhæfingu.“ Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu hefur raunin verið niðurskurður á rekstrarfé til þessara aðila í öllum þeim fjárlögum sem núverandi ríkisstjórn hefur sett fram,“ segir Pétur.

„Að þessu sögðu verður þó að gera þá kröfu til til þeirra sem málum stjórna að sett séu skýr skil á milli draumsýnar og raunhæfra væntinga. Með raunhæfum væntingum er átt við að þjónustan sem veita á hafi verið kostnaðargreind og ráðandi aðilar á hverjum tíma, til dæmis Alþingi, séu sannarlega tilbúnir að láta í málaflokkinn og undir flokka hans fjárhæðir sem standa undir þeirri kostnaðargreiningu.“

Pétur bendir á að aldrei megi gleyma því að verið er fjalla um líf-



andi manneskjur í þessu samhengi.

„Við erum ekki að tala um línulegar myndir í excel-skjali heldur manneskjur. Þrátt fyrir það er

kostnaðargreining orðið lykilhugtak í nútíma heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Nú á allra síðustu árum hafa hjólin svo sannarlega farið að snúast í rétta átt í þessu málum hér á landi þó gera þurfi töluvert betur til að ná þeim þjóðum sem við viljum bera okkur saman við. Rekstrar- aðilar heilbrigðisþjónustu hafa oft en ekki þurft að sitja undir því að vera taldir lítt hæfir í sínum störfum þegar þeir eru samviskusamlega að uppfylla lög og reglugerðir og kjarasamninga og ná ekki vegna þessa að standast ætlaðar fjárheimildir. Auðvitað á að gera sömu kröfur til rekstaráðila heilbrigðisþjónustu um hagkvæmni, áætlunargerð og eftirfylgni eins og í öðrum rekstri. Það verður bara að liggja fyrir í upphafi að mögulegt sé að fjármagnni dugi fyrir þeirri þjónustu sem veita á með öllum þeim réttindum og skyldum sem því kunna að fylgja.“

Og rétt sé að muna að orð og efnir fari saman.

„Sem ábyrgir þjóðfélagsþegar hljótum við að gera þá kröfu að

farið sé með sameiginlega sjóði okkar með ábyrgum hætti en að sama skapi sé ekki verið að búa til væntingar um þjónustu fyrir aldraða og sjúka sem aldrei verður hægt að uppfylla. Með kostnaðargreiningu í heilbrigðis- og velferðarþjónustu er átt við að ráðamenn viti hvað hlutirnir kosta og að ljóst sé hvernig á að greiða, áður en einhverju er lofað. Þannig náum við að hlúa með markvissum, ábyrgum og skynsömum hætti að heilbrigðis- og velferðarþjónustu, þessari grunnstöð samfélags okkar – rétt eins og samfélagið okkar vill.“

Pétur bendir á að þó verið sé að kljást um fjármagn og niðurskurð, sé hægt að horfa á björtu hlíðarnar.

„Þrátt fyrir að oft blási á móti og rekstrarumhverfi fyrirtækjanna sé erfitt, þá er alltaf gott að rífa upp að starfsemin sem við sinnum, er að auka lífsgæði fjölda Íslaendinga á degi hverjum. Það gefur okkur í þessum geira heilbrigðis- og velferðarþjónustunna jákvæðni, drifkraft og eldmóð til að halda áfram!“

Björn Bjarki Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Brákarhlíðar

Kalla eftir auknu samtali og efndum

Erfið staða margra hjúkrunarheimila hefur verið í umræðunni síðustu ár og telur Björn Bjarki Þorsteinsson, varaformaður SFV og framkvæmdastjóri Brákarhlíðar, að kominn sé tími efnda hjá hinu opinbera. En í því erfiða rekstrarumhverfi, hefur SFV reynst afar dýrmætt bakland.

„Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu er afar dýrmætur vettvangur fyrir okkur sem stýrum minni hjúkrunarheimilum, hvort sem er út á landi eða í nágrenni höfðborgarsvæðisins. Með aukinni starfssemi innan samtakanna höfum við geta snúið bókum saman í ýmsum málum t.d. varðandi samskipti við ríkisvaldið á ýmsan hátt og við ýmis ný verkefni og þá kemur innleiðing persónuverndareglugerðar fyrst upp í hugann. SFV hefur eflst mjög á undanförunum árum og urðu ákveðin kaflaskil þegar ákveðið var að ráða framkvæmdastjóra til samtakanna en fram að því höfðu stjórnendur samtakanna sinnt öllum skyldum þeirra meðfram öðrum verkefnum.“

Hann segir stöðu minni hjúkrunarheimila að mörgu leyti erfiða.

„Rekstrarlega er róðurinn þungur heilt yfir en þó er ákveðin stærðarhagkvæmni til staðar hjá mörgum heimilum meðan þau sem eru í smærri kantinum eiga erfiðara uppdráttar. Það eru eðlilega gerðar sömu gæðakröfur til allra heimila og getur reynst erfitt sums staðar að uppfylla þær allar. Sem dæmi er ekki alls staðar kostur á öllum fagstéttum til vinnu. Þá geta fjárlægðir verið miklar og kemur þá til mikils viðbótarkostnaðar ef koma þarf heimilislólki á sjúkrahús. Þetta hefur verið rætt við ríkisvaldið, þ.e. þessi aðstöðumunur en ekki er komin nein mynd á úrlausnir eða útfærslur vegna mismunandi aðstæðna. Hins vegar er kosturinn við að reka hjúkrunarheimili út á landi oft á tíðum sá að samfélagið lætur sér annt um öldrunarheimili sitt og t.d. hvað okkur í Brákarhlíð varðar þá mætum við mikilli vinsemi í samfélaginu og t.d. ýmis félagsamtök, kvenfélög, Lionsklúbbar og fleiri eru ötulir bakhjarlar okkar.“

Björn Bjarki segir stöðuna skýra; eldra fólki fjölgi hratt.

„Það mun alltaf verða þörf fyrir hjúkrunarheimili þó hin almenna stefna sé að fólk geti verið lengur



heima. Sem betur fer er mikil vakning fyrir auknum forvörnum, almennri líkamsrækt og heilsuvitund er orðin meiri en samt sem áður þá þarf að hlúa að öldrunarheimilum og aðbúnaði þeirra um allt land. Það eru ákveðin vonbrigði hversu lítið samráð og samtali fagræðuneytin hafa átt við okkur sem störfum innan ráða SFV, hvað ákveðna stefnumörkun varðar og vil ég kalla eftir því samtali. Starfsfólk öldrunarheimilanna býr yfir mikilli þekkingu og reynslu sem getur nýst vel í vinnu við stefnumörkun sem gilda á í dag jafnt og til framtíðar í þjónustu við eldri aldurshópa.“

Hann segir að þau sem beri ábyrgð á rekstri hjúkrunarheimila hafa verið ötul að senda ráðuneytum og alþingismönnum skýrar upplýsingar um stöðu mála.

„Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er skýrt kveðið á um að styrkja eigi rekstrargrunn hjúkrunarheimila, þannig að á einhverjum tímupunkti voru ráðamenn meðvitaðir um stöðuna þó efnirnir hafi ekki orðið enn. Reyndar hafa hjúkrunarheimilin þurft að fást við skerðingu á rekstrarheimildum í tíð núverandi ríkisstjórnar en vonandi næst leiðrétting á því, allavega kalla ég eftir efndum á þeim lið stjórnarsáttmálans sem fjallar um að styrkja eigi rekstrargrunn hjúkrunarheimilanna. Gott hjúkrunarheimili er dýrmætt samfélaginu á hverjum stað, sú kynslóð sem á þeim dvelur hverju sinni er búin að skila sínu til samfélagsins og á ekki að þurfa að upplifa sig sem byrði á því á nokkurn hátt, þetta fólk og þessi hópur á svo miklu betra skilið.“

Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir, lögfræðingur hjá SFV

Verðum að stemma stigu við ótakmörkuðu aðgengi að upplýsingum um okkur

Persónuvernd í heilbrigðisþjónustu skiptir miklu máli, enda er þar unnið með umtalsvert magn viðkvæmra persónuupplýsinga, þar á meðal viðkvæmar heilsufarsupplýsingar. Það er því mjög mikilvægt að gætt sé fyllsta öryggis við meðferð slíkra upplýsinga og að allir hlutadeigandi eigi gott samstarf um að vanda til verka við vinnslu persónuupplýsinga, segir Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir, lögfræðingur hjá SFV.

Ný persónuverndarlöggjöf tók gildi þann 15. júlí 2018 og er markmiðið m.a. að tryggja einstaklingum samræmda og öflugra vernd grundvallarréttinda með því að stuðla að því að farið sé með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallar sjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífsins. Fyrir voru lög um persónuvernd en helsta breytingin er sú að nú eru komnar viðtækari heimildir til eftirlits og viðurlaga enda lífuvakning um persónuvernd orðin meiri. Og þetta er afar viðkvæmur málaflokkur, sem reynir mikið á.

„Félög í velferðarþjónustu sinna allskonar fólki, þar á meðal einstaklingum sem eru að glíma við hrönnunarsjúkdóma, heilabilun, vímuefnaneyslu eða einhverskonar fötlun. Oft á tíðum er um að ræða einstaklinga sem eiga erfitt með að tileinka sér upplýsingar en þó samt sem áður með fullt sjálfræði. Samkvæmt persónuverndarlögunum hvílir upplýsingaskylda á þeim sem vinna með persónuupplýsingar. Í henni felst að upplýsa alla skráða einstaklinga um vinnsluna, tilgang hennar og fleira. Þetta getur reynst erfitt í þeim tilvikum sem fólk er ekki fært um að tileinka sér upplýsingar. Er m.a. dæmi um að einstaklingar hafi orðið óttaslegnir þegar farið er yfir þessi mál með þeim eða vilji jafnvel ræða Evrópusambandið af mikilli heift. Þetta setur starfsfólk óneitanlega í erfiða stöðu þótt allir reyni vissulega að gera sitt besta,“ segir Gunnhildur Erla. Annað deiluefni er réttur aðstandenda að upplýsingum.

„Þegar einstaklingar flytja á hjúkrunarheimili, fara í meðferð eða



sækja aðra þjónustu hjá þjónustuveitendum eru þeir í langflestum tilvikum sjálfráða, jafnvel þótt talið sé að íbúar á hjúkrunarheimilum séu í um 70% tilvika með heilabilun á einhverju stigi. Eðlilega finnst aðstandendum það vera á þeirra herðum að sjá um málefni sinna nánustu og tryggja þeirra rétt ef þeir telja að þeir séu ekki færir um það sjálfir lengur. Það er því miður ekki svo einfalt ef viðkomandi er enn með fullt sjálfræði,“ segir Gunnhildur Erla og bendir á að ef heilbrigðisstarfsmaður meti það svo að umræddur sjúklingur geti ekki tileinkað sér upplýsingarnar og muni ekki koma til með að geta það á síðari stigum þá skuli upplýsingar um heilsufar, fyrirhugaða meðferð og önnur úrræði veittar nánnum vandamanni samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga.

„Þá getur sjúklingur tilnefnt einstakling til að taka við upplýsingum fyrir sína hönd. En þessi heimild er takmörkuð við þau atriði sem ég nefndi áðan og ná ekki til annarra þátta, svo sem

við ákvörðun á meðferð. Í þeim tilvikum gilda ákvæði lögræðisлага en eins og fyrr segir þá eru þjónustuþegar í langflestum tilvikum sjálfráða enda sjálfræðissvipting háð mjög ströngum skilyrðum hér á landi.“

Hún bendir á að mælt sé með því við aðstandendur að þeir afli umboðs frá sínum nánustu sem veitir þeim heimild til að fá tiltekna upplýsingar þannig að þetta liggja skýrt fyrir frá upphafi þjónustunnar.

Hún segir Íslendinga vera að átta sig á betur á mikilvægi persónuverndar.

„Við lifum í heimi þar sem hægt er að hlusta á samtöl okkar í gegnum snjalltæki og persónuupplýsingar eru orðnar verðmætasta auðlind jarðarinnar. Flestir eru því sammála um að það verði að reyna að stemma stigu við ótakmörkuðu aðgengi að upplýsingum um okkur. Það eru vissulega einhverjir sem telja að samfélagið sé að breytast á þann veg að mannfólkið kjósi að lifa fyrir opnum tjöldum, birti sjálft sjúkrasögu sína á samfélagsmiðlum og hafi ekkert að fela. Þessir aðilar eru þó í minnihluta og óvíst hvernig þeir myndu bregðast við ef á reyndi.“

Og Gunnhildur Erla reiknar með frekari breytingum.

„Eftir því sem fólk verður meðvit- aðra um rétt sinn því meiri kröfur gerir það. Við höfum hingað til ekki náð að halda í við hraða tækniþróunarinnar og erum því oft að reyna að setja leikreglurnar eftir á. Með nýju persónuverndarlöggjöfinni er verið að reyna að koma því á að persónuvernd sé innbyggð í alla nýja tækni en það er erfitt að sjá fyrir þróunina í þeim málum. Þá nær löggjöfin eingöngu til Evrópusambandsríkja og þjónustu við íbúa þeirra þótt einhver fylki í Bandaríkjunum séu farin að skoða sambærilega löggjöf. Þá hafa margir bent á ýmsa ágalla á löggjöfinni og ekki ólíklegt að hún eigi eftir að taka einhverjum breytingum þegar meiri reynsla er komin á framkvæmd hennar. Þetta þarf þó alltaf að vera samspil á milli tækniþróunar og verndar á réttindum og frelsi einstaklingsins.“

Anna Birna Jensdóttir, framkvæmdastjóri Sóltúns



Gott og hæft starfsfólk er nauðsynlegt til að tryggja gæði

Meðaldvalartími á hjúkrunarheimilum verður sífellt styttri og í Sóltúni er hann nú innan við tvö og hálf ár. Anna Birna Jensdóttir, framkvæmdastjóri Sóltúns segir fólk koma veikara en áður inn á heimilin og þarfnist flóknari hjúkrunar. Meðalaldur þeirra sem þar eru er yfir 85 ár, en aukningu má merkja hjá yngri hópnum.

Mjög fá úrræði eru til fyrir fólk yngri en 60 ára hér á landi og það er mjög erfitt fyrir þá að flytja inn á hjúkrunarheimili Sumir myndu halda því á lofti að þeir sem þjást af heilabilun myndu ekkert finna fyrir aldurs- og menningarmun, en ég er því ekki sammála. Þrátt fyrir heilabilun, þá hverfur tilfinningagreindin ekki og einstaklingurinn finnur að hann eða hún stingur í líf við umhverfið og að aðstæður henti sér ekki. Ur getur orðið einhvers konar barátta og sársauki sem að minni mati er ekki bjóðandi.

Anna Birna leggur til að stofnuð verði sambýli fyrir yngri fólk í stað þess að vísa þeim á hjúkrunarheimili.

„Sambýli þar sem átta til 12 manns gætu dvalið og fengið sólarhringsumönnun. Á ég þá bæði við sambýli fyrir fólk sem þjáist af heilabilun og önnur sambýli fyrir þá sem búa við fjölbætta fötlun en þurfa sólarhringshjúkrun. Þannig væri hægt að mæta félagslegum þörfum í takt við aldur íbúa, matarmenningu, afþreyingu o.s.frv. Jafnframt tel ég að ef fólk kys að fá þjónustu á eigið heimili, þá eigi að vera val um að fá heimaþjónustu til sín alla vegana upp að því marki sem sólarhringsþjónusta kostar á hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarsambýlum. Þetta val ættu allir sem eru í þessari þörf að hafa óháð aldri.“

Hún segir það ákveðið áhyggju-

efni að rammasamningar við hjúkrunarheimili hafi ekki verið endurnýjadir um áramótin, en þess í stað sé greitt eftir greiðsluskrá.

Við það lækkuðu tekjur til flestra hjúkrunarheimilanna í landinu. Þegar rammasamningarnir komust á árið 2016 var það mikið framfaraskref að komnir voru á samningar við flest hjúkrunarheimili um rekstur. Samningarnir voru m.a. að hluta til tengdir hjúkrunarþörfum íbúa á hverjum stað, sem þýddi að ef fólk þurfti fleiri umönnunartíma og aðra sértæka þjálfun þá fylgdu því hærri greiðslur. Ef lítið er á niðurstöður gæðavísa yfir landið annars vegar árið 2014 og hins vegar árið 2018 þá sjást visbendingar um að niðurstöður gæðavísa urðu betri. “

En hvað er hægt að gera til að bæta þjónustuna?

Það er mikilvægt að kostnaðarmeta þjónustuna á raunhæfan hátt. Gott og hæft starfsfólk er nauðsynlegt til að tryggja gæði. Umönnunartörfin eru mjög gefandi en um leið krefjandi. Fólk læst í þessi störf, en því miður eru þau ekki nægjanlega metin að verðleikum og allt of mörg dæmi eru um að þrátt fyrir góða menntun í hjúkrun þá snúi fólk sér að öðrum störfum til að geta séð fyrir sér og sínum. Aðbúnaður á vinnustað hefur einnig mikið að segja til að létta starfsfólki störfin, yfir þriðjungur íbúa á hjúkrunarheimilum þarf aðstoð tveggja við að snúa sér í rúmi og síðan þurfa fimmtíu prósent mikla aðstoð, svo sjá má að það eru yfir 80%. Það reynir því mjög á starfsfólk og mikilvægt að gott rými sé og nóg af hjálpartækjum til að létta störfin og lífsgæði íbúa. Almenn ræðst mjög umhyggjusamt fólk til umönnunarstarfa og það er mjög mikilvægt að leita eftir skoðunum og óskum íbúa og ættingja þeirra og vinna saman í að skipuleggja daglegt líf,“ segir Anna Birna.

Tryggvi Friðjónsson, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargarheimilisins

Mikilvægi endurhæfingar í heilbrigðisþjónustunni

Allur almenningur skilur mikilvægi endurhæfingar í heilbrigðisþjónustu, en það er ekki nóg að málaflokkurinn njóti sannmælis í umræðunni, heldur skiptir máli að stjórnvöld styðji vel við bakið á núverandi endurhæfingarstofnunum með nægum fjárfraðslum og stuðningi við sprotastarfsemi, segir Tryggvi Friðjónsson, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargarheimilisins.

Endurhæfing skiptir enda sköpum í bættri líðan og aukinni virkni skjólstaðinga, segir Tryggvi.

„Par skiptir miklu máli að horfa ekki einvörðungu á skjólstaðinginn heldur skoða allt umhverfi hans og fjölskyldu. Við skulum svo ekki gleyma sk. viðhaldsendurhæfingu. Hún er lykilþáttur þegar kemur að því að viðhalda lífsgæðum eldra fólks og öryrkja og er því afar mikilvægur þáttur m.a. innan öldrunarstofnana hér á landi.“

Tryggvi segir að það hafi valdið nokkrum vonbrigðum að þegar heilbrigðisráðherra hafi mótað heil-

brigðisstefnu, að ekki væri fjallað þar um endurhæfingu.

Nú hefur ráðherrann hins vegar ákveðið að ráðast í stefnumótun á sviði endurhæfingar og er það vel. Verkefnið felst m.a. í því að greina núverandi endurhæfingarþjónustu hér á landi, umfang hennar skipulag og árangur, auk samþættingar við fyrirkomulag endurhæfingar hjá öðrum þjóðum. Gert er ráð fyrir starfshópur skili ráðherra drögum að endurhæfingarstefnu í byrjun febrúar 2020. Augljóslega þarf markviss endurhæfingarstefna að vera fyrir hendi hjá stjórnvöldum. Innan samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu eru margvíslegar endurhæfingarstofnanir. Má þar nefna, SÁÁ, Krabbameinsfélagið, MS setrið, Múlaba og Sjálfsbjargarheimilið. Þessar stofnanir eru trúir ég allar tilbúnar að hjálpa stjórnvöldum til að efla endurhæfingu hér á landi á alla lund. Gaman er að geta þess hér að nú nýverið fól ráðherra Sjúkraþryggingum Íslands að semja við



Hver króna sem sett er í endurhæfingu skilar sér margfalt til baka.

MS setrið um aukna þjónustu við fólk með Parkinsonsjúkdóm.

Framtíðarsýn Tryggva hvað þetta varðar er skýr. „Ég tel að auka eigi

þverfaglegt samstarf innan málaflokksins. Ég tel mikilvægt að fjölga endurhæfingarúrræðum og styðja við sprotastarfsemi. Þá er nauðsynlegt að auka almennt fjármagn til málaflokksins því ég tel fullvist og þykist vita að landsmenn allir geri sér grein fyrir því að hver króna sem sett er í endurhæfingu skili sér margfalt til baka.“

Ásgerður Björnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs SÁÁ

Þriðji geirinn skapar meiri verðmæti

Frjáls félagsamtök eða þriðji geirinn eins og hann er oft kallaður skiptir miklu máli fyrir samfélagið, það þekkja þeir sem þar hafa starfað eða notið góðs af. Ásgerður Björnsdóttir, gjaldkeri SFV og framkvæmdastjóri fjármálasviðs SÁÁ, segir frjáls félagsamtök verða oft til af þörf og hugsjón til að framkvæma verkefni sem opinberir aðilar hafa ekki sinnt sem skyldi.

„Þau eru oft mun fyrri til að taka upp nýjungar og þróa starf sitt hraðan en gerist hjá hinu opinbera. Hjá þeim skapast mikill kraftur og eining því fólk er að vinna að hugsjónum sínum og þykir vænt um verkefni sín. Það er yfirleitt þannig að hið opinbera fær mun meiri verðmæti fyrir fjármagnnið með samningum um þjónustu við þriðja geirann. Sem dæmi að þá hafa SÁÁ samtökin greitt af sjálfsafla fé sínu til heilbrigðisþjónustunnar um 4,2 milljarða á verðlagi í janúar 2019 á síðustu 23 árum. Þetta er einungis hægt vegna velvilja samfélagsins og vissu samborgaranna um að þessa þjónustu þurfi að styðja og bjóða



upp á,“ segir Ásgerður. Hún segir að ríkisvaldið komist upp með að greiða of lítið til þjónustunnar þar sem frjálsu félagsamtökin taki á sig

ábyrgðina og reyni allt sem þau geti til að halda úti þjónustu. En hvernig er best að styðja þriðja geirann?

„Varðandi einstaklinga og fyrirtæki þá styðja þau félagsamtökin með beinum framlögum sem er ómetanlegt fyrir starfsemi eins og SÁÁ. Með þeirra framlögum getum við eflt starfið og tekið upp nýjungar sem gagnreyndar rannsóknir hafa sýnt að borgi sig. Hið opinbera gæti vandað sig betur við gerð þjónustusamninga og farið í virkari kostnaðargreiningar. Það væri hægt að gera svo miklu meira ef samningar væru ekki alltaf skornir við nögl eins og tíðkast hefur.“

Ásgerður telur að best sé að hafa umhverfi heilbrigðisþjónustu sem fjölbreyttast.

„Þriðji geirinn getur séð um ákveðna þjónustu og það sama á við um einkageirann en svo eru alltaf verkefni sem best eru fyrirkomin í höndum opinberra aðila. Með öflugri kostnaðar- og nytjagreiðingum ásamt virku eftirliti mun verða hægt að kaupa þjónustuna á hagstæðara verði og af meiri gæðum.“

Margrét Á. Ósvaldsdóttir, forstöðumaður Seljahlíðar hjúkrunarheimilis

Að vinna með fólki á síðasta æviskeiði þess er gríðarlega gefandi

Heilbrigðisþjónusta kemur við sögu í lífi okkar allra með einum eða öðrum hætti einhvern tímann á lífsleiðinni. Í dag lifir fólk mun lengur en það gerði á árum áður og öldrunarþjónusta orðinn afar stór þáttur í velferðarþjónustu. En hvað felst í þjónustu við aldrada?

Margrét Á. Ósvaldsdóttir, forstöðumaður Seljahlíðar hjúkrunarheimilis, segir öldrunarþjónustu mun víðfeðmari en fólk geri sér almennt grein fyrir. „Í dag getur fullorðið fólk dvalið mun lengur heima hjá sér, áður en það kemur til okkar. Áður fyrr bjó fólk jafnvel í 10-12 ár á hjúkrunarheimili áður en það lést. Okkar markmið er alltaf að gera fólki kleift að vera heima eins lengi og mögulegt er, í sínu umhverfi.“



„Öldrunarþjónustan á sér því ekki aðeins stað inni á hjúkrunarheimilum eða spítölum,“ segir Margrét, „heldur snýst hún að stórum hluta um alls kyns þjónustu heim til fólks. Til dæmis aðstoð við heimilisþrif, að rjúfa einangrun eða aðstoða við daglegar athafnir og heimahjúkrun.“ Í framhaldi af því komi dagdvalir þar sem lögð er áhersla á virkni- og endurhæfingarþjálfun, allt í þeim tilgangi að auka lífsgæði fólks og í leiðinni að minnka álag með innlögnum á sjúkrahús. Margrét ljúki svo ævinni með fastri búsetu á öldrunarheimili, en í mun skemmri tíma en áður.“

Hún segir að mörg stærri hjúkrunarheimilin séu í raun eins og lítill sjúkrahús þar sem íbúum með flókna sjúkdóma sé sinnt til dauðadags. „Í dag kemur fólk á öldrunar-

heimilin þegar aðstoð heim er ekki lengur raunhæfur kostur, fólk orðið veikburða og þarf jafnvel aðhlyningu allan sólarhringinn. En eins lengi og kostur er, þá er fólk hvatt til sjálfshjálpar því í henni felst svo mikilvægur og dýrmætur þáttur lífinsins. Ef getan til að bjarga sér er ekki nýtt, þá glatast hæfnin til að gera hluti upp á eigin spýtur.“ Margrét segir að löng spítalavist geti rænt fólk ákveðnu framkvæði og neista fyrir lífinu, þá flýti fyrir bata að þurfa að bjarga sér sjálfur eins frekast og kostur er.

Margrét hefur greinilega yndi af starfinu sínu því það kemur hlýja í rödd hennar þegar hún talar um það og aðspurð hvort þetta sé ekki erfitt þá svarar hún um hæl: „Það að vinna með einstaklingum á sínu síðasta æviskeiði, í lífi, sigrum, þrautum og

dauða ... þetta er gríðarlega gefandi. Jú auðvitað er þetta erfitt, bara eins og lífið er, en fyrst og síðast gefandi og ljúft að taka þátt í alls konar sigrum, litlum og stórum, í dagsins önn.“

Að hjúkra fólki til dauðadags er ekki einfalt og krefst færni, nærgætni og reynslu, því oft erum við með fólk í gjörgæslu og höfum tekið, að hluta, við af sjúkrahúsum. Í raun má segja að starfrækt séu lítill sjúkrahús um allt land og við myndum vilja sjá mun meira rekstrarférenna til öldrunarþjónustu. Fólk lifir lengur með flóknari sjúkdóma og skerta getu sem krefst oft dýrari hjálpartækja, flóknari meðferða og dýrra lyfja. Ég myndi vilja sjá meiri og fjölbreyttari umönnun þar sem unnið er þverfaglega, gamla fólkinu okkar til góðs.“

Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands

Stjórnmalamenn þurfa að búa yfir kjarki til að horfa á „leikinn“ í heild sinni, ekki bara næsta innkast

Margir halda að erfðir séu stærsti þátturinn í krabbameinum, en svo er ekki nema í vissum tilfellum,” segir Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands. Hún bendir á að um það bil fjögur tilvik af hverjum tíu krabbameinum megi koma í veg fyrir með heilsusamlegum lífsstíl. Rannsóknir sýni ítrekað gildi þess að forðast tóbak, áfengi, ofþyngd og sólbruna, sem og að tileinka sér hollt mataræði í bland við daglega hreyfingu, varðandi það að koma í veg fyrir lífsstílstengdan heilsubrest einhvern tímann á lífsleiðinni.

Halla segir því augljóst að forvarnir skipti gríðarlega miklu máli og æskilegt væri að heilbrigðisþjónustan gæti snúist í mun meira mæli um fyrirbyggjandi aðgerðir og heilsueflingu í stað

þess að meðhöndla og bregðast við sjúkdómum, sem mögulega hefði verið hægt að koma í veg fyrir. Hún segir til dæmis mikla þörf á vitundarvakningu um að það sé eðlilegt og jákvætt að neyta ekki áfengis. „Sú nálgun að kenna og hvetja til heilsusamlegs lífsstíls út frá því sem rannsóknir segja okkur, allt frá fæðingu, er í eðli sínu fyrirbyggjandi varðandi marga sjúkdóma, þar á meðal margar tegundir krabbameina.“

Það þarf hugrekki og aga til að horfa lengra en eigin stjórnmálaferill nær

Halla bendir á að á Íslandi hafi með samspili margra aðila, þar sem aðgerðir stjórnvalda spiluðu stórt hlutverk, náðst frábær árangur í tóbaksvörnum. „En það að fókusera á forvarnir og fyrirbyggjandi þætti sem skila sér ekki fyrr en löngu síðar, jafnvel áratugum, síðar getur



verið erfitt þegar sífellt koma upp mál sem þarfnast úrlausnar ekki seinna en strax. Að forgangsraða í þágu fyrirbyggjandi þátta krefst heilmikils hugrekks. Það þarf kjark og aga og sterka framtíðarsýn til að setja fjármagn í þætti sem skila sér

ekki fyrr en löngu síðar. Kjörtímabil eru bara fjögur ár en vonandi hafa stjórnmálamenn sýn og hugsjón sem nær langt út fyrir þau. Það er forsenda þess að forvarnir skili árangri. Við skulum hafa trú á okkar kjörnu fulltrúum!“

Að bjóða ekki upp á endurhæfingu jafngildir því í raun að hætta að spila í hálfleik

Halla segir enn fremur að endurhæfing sé lykilatriði í að hjálpa fólki við að ná sér eftir alvarleg veikindi, hún sé jafn mikilvæg og sjálfsögd og sjúkdómsmeðferðin sjálf. „Það á alltaf að meta þörf fyrir endurhæfingu og eftirfylgni með úrræðum í samræmi við líkamlegar og sálrænar þarfir hvers og eins. Það er eitt að lækna „akút“ sjúkdómsástand og annað að fylgja viðkomandi eftir út í lífið á nýjan leik. Með endurhæfingu eru skapaðar forsendur til að lifa eins góðu lífi og kostur er á, sem hlýtur alltaf að vera markmiðið, einstaklingnum og samfélaginu sem hann er hluti af til heilla. Að bjóða ekki upp á endurhæfingu jafngildir því í raun að hætta leik í hálfleik.“

Góð heilsa er það dýrmætasta sem hver einstaklingur á og því mikilvægur liður í því að fólk geti tekið þátt í samfélaginu. Því er eðlilegt að heilbrigðisþjónustan sé lang stærsti útgjaldaliður ríkisins í þróuðum velferðarsamfélögum, þó alltaf megi deila um hvort nóg sé gert. Í heilbrigðisþjónustunni er mikil áhersla á að hlúa að fólki þegar það er orðið veikt og ósjálfbjarga, en stundum virðist gleymast mikilvægi þess að koma í veg fyrir að fólk lendi í þeirri stöðu. Nauðsynlegt er að leggja aukna áherslu á forvarnir og endurhæfingu til að minnka sjúklingshóp framtíðarinnar.

Velferðarsamfélagið okkar getur gert miklu betur á þessum sviðum og gerðu Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu meðal annars verulegar athugasemdir við drög að heilbrigðisstefnu á sínum tíma vegna þess. Að minnka þann hóp eða seinka því tímamarki sem einstaklingur lendir í alvarlegum veikindum er mikilvægt og göfugt markmið. Ekki bara snýst þetta um að auka lífsgæði þjóðfélagsþegnanna - sem er jú aðalatriðið - heldur geta þessi málaflokkar svarað mikla fjármuni fyrir samfélagið og þar með stuðlað að markvissari nýtingu fjármuna sem fara í velferðar- og heilbrigðismál.

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu standa fyrir stuttu málþingi um mikilvægi forvarna og endurhæfingar í heilbrigðisþjónustunni. Málþingið verður haldið þann 3. október nk. kl. 13.30 á Hilton Reykjavík Nordica. Með málþinginu viljum við vekja athygli á þessum mikilvægu þáttum í heilbrigðiskerfinu með jákvæðum og uppbyggilegum hætti. Framsögumenn koma að þessu sviði heilbrigðisþjónustunnar með ólíkum hætti og gefa innsýn í mikilvæg en margbreytilegar forvarnir og endurhæfingu, og hvernig þau eru að hafa áhrif á samfélagið. Í lokin verða pallborðsumræður þar sem rætt verður um tækifæri til enn frekari aðgerða á þessu sviði, samfélaginu öllu til heilla.



Forvarnir og endurhæfing – lykillinn að velferð

Málþing á vegum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Hilton Reykjavík Nordica, fimmtudaginn 3. október 2019 kl. 13.30-16.00.

Dagskrá

- 13.30 - 13.40 **Setning málþings**
Pétur Magnússon, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og forstjóri Hrafnistuheimilanna
- 13.40 - 13.50 **Ávarp formanns velferðarnefndar Alþingis**
Helga Vala Helgadóttir, þingmaður
- 13.50 - 14.05 **Geðrækt á samfélagsgrundvelli – vellíðan fyrir alla**
Sigrún Daniëlsdóttir, verkefnastjóri geðræktar hjá Embætti landlæknis
- 14.05 - 14.20 **Forvarnir, snemminngrip og endurhæfing í fíknsjúkdómi**
Valgerður Rúnarsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga hjá SÁÁ
- 14.20 - 14.35 **Lífsstíll og krabbamein – hvað getum við gert?**
Jóhanna Eyrún Torfadóttir, Ph.D. í lýðheilsuvísindum hjá Krabbameinsfélaginu
- 14.35 - 14.50 **Lengur heima – um mikilvægi dagþjálfunarþjónustu**
María Fjóra Harðardóttir, framkvæmdastjóri heilbrigðissviðs Hrafnistuheimilanna
- 14.50 - 15.05 **Spornum við örorku vegna vefjagigtar – sýn Prautar ehf.**
Sigrún Baldursdóttir, sjúkraþjálfari og framkvæmdastjóri Prautar – Miðstöð vefjagigtar og tengdra sjúkdóma



Pétur Magnússon



Helga Vala Helgadóttir




Sigrún Daniëlsdóttir



Valgerður Rúnarsdóttir



Jóhanna Eyrún Torfadóttir



María Fjóra Harðardóttir



Sigrún Baldursdóttir



Fundarstjóri
Sigmar Guðmundsson,
fjölmiðlamaður

Að framsögum loknum verða pallborðsumræður framsögumanna.

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.